

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2019

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Elsa G. Björnsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir kjörnar til ársins 2020.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Eitt nýtt verkefni fékk styrk á árinu:

- Táknmálsfræðinemarnir Jóna Kristín Erlendsdóttir og Sigurður Jól Vigfússon hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið „Upptökur á íslenska táknmálinu – rannsóknir á setningagerð, tilbrigðum og öðrum málfræðilegum eiginleikum íslenska táknmálsins“. Umsjónarmenn voru Rannveig Sverrisdóttir og Árný Guðmundsdóttir. Nemarnir hlutu 6 mánaða styrk úr sjóðnum og veitti Málvísindastofnun HÍ styrk fyrir einum mánuði til viðbótar. Nemarnir unnu verkefnið á SHH yfir sumartímamann og héldu þar opinn fyrirlestur þann 23. september þar sem verkefnið var kynnt.

Þá var haldið áfram vinnu við eftirfarandi verkefni:

- Júlía Hreinsdóttir hélt áfram vinnu við CEFR verkefnið, en það snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma.
- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck vinnur áfram að að doktorsverkefni sínu um merkingarfræði litaorða í íslensku.
- Vinnu Nedelinu Ivanovu og Elsu G. Björnsdóttur við gerð endurtekningaprófs setninga fyrir börn lauk í desember. Prófun (e. *validation*) er fyrirhuguð á SHH árið 2020.
- Samstarfsverkefni SHH og dr. Helen Koulidobrova hélt áfram á árinu.
- Vinna við málþroskarannsóknir hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Unnið var að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati í færni á íslensku táknmáli.
- Verkefnið söfnun gagna um máltöku á ÍTM til þriggja ára þar sem fylgst er með málþroska döf barns frá fæðingu hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Nýtt verkefni hófst í kjölfar þessa verkefnis og það er söfnun gagna um máltöku tvítýngds barns með íslensku og ÍTM. Það verkefni er til eins árs.

- Vinna að formlegri lýsingu á stigum á máltöku á grundvelli safnaðra gagna hélt áfram á árinu undir stjórn Nedelinu Ivanovu.

Aðilar rannsóknastofunnar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í málþingum og ráðstefnum hér heima og erlendis auk þess sem rannsóknastofan stóð fyrir málþingi í samvinnu við Málnefnd um íslenskt táknmál:

- Á degi íslenska tákn málsins, 11. febrúar, stóð rannsóknastofan fyrir málþingi í samvinnu við Málnefnd um íslenskt táknmál. Málþingið bar yfirskriftina „Íslenskt táknmál: Fortíð, nútíð, framtíð“. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson setti þingið, Valgerður Stefánsdóttir hélt erindi um uppruna og þróun ÍTM og Sigríður Sigurjónsdóttir um börn og snjalltæki, íslensku og ÍTM í ölduróti samtímans. Nokkur innslög komu frá samfélagi tákn málsins, Bryndís Guðmundsdóttir sleit svo þinginu með hugleiðingu. Málþingið heppnaðist vel og var vel sótt.
- Í tilefni af degi íslenska tákn málsins birtust svör um táknmál á Vísindavefnum, annað eftir Rannveigu Sverrisdóttur, hitt eftir Heiðdís D. Eiríksdóttur formanns Félags heyrnarlausra. Elsa G. Björnsdóttir hélt erindið „Íslenskt táknmál og döff gróði“ á Café Lingua sem haldið var af Málnefnd um íslenskt táknmál og Borgarbókasafni Reykjavíkur í tilefni dagsins.
- Málstofan *Mál verður til* var haldin á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands 9. mars 2019. Þar voru flutt þrjú erindi; Valgerður Stefánsdóttir „Um uppruna og þróun íslenska tákn málsins“, Rannveig Sverrisdóttir: „Gott mál, rétt mál, mitt mál: Mælikvarðar og mállýskur í tákn málum“, Nedelina Ivanova: „Áhrif tvítýngis málhafa á þróun íslenska tákn málsins“. Málstofan var endurtekin þann 8. apríl hjá Félagi heyrnarlausra og fóru umræður fram í kjölfarið.
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir hélt fyrirlesturinn „Íslensk mannanöfn í íslensku tákn máli“ á fræðslufundi á vegum Nafnfræðifélagsins 23. mars.

Heimsóknir fræðimanna

Nokkrir fræðimenn heimsóttu rannsóknastofuna og stofnanir hennar á árinu:

- Dr. Helen Koulidobrova kom til landsins í 6.-8. ágúst 2019 til að vinna með Nedelinu Ivanovu í samstarfsverkefninu.
- Í september heimsóttu Branislav Bedi, verkefnisstjóri á alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Irene Strasly, tákn málstúlkur og rannsóknamaður í tákn málsfræði við Háskólann í Genf rannsóknastofuna. Þau hafa bæði reynslu á sviði tölvustudrarar tungumálakennslu og ræddu samstarf því tengdu, mögulega í gegnum Icelandic Online.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Nokkrir greinar birtust á árinu eftir aðila rannsóknastofunnar:

- Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir. 2019. The Legal Recognition of Icelandic Sign Language: Meeting Deaf People's Expectations? Maartje de Meulder, Joseph J. Murray og Rachel L. McKee (ritstj.), *The Legal Recognition of Sign Languages. Advocacy and Outcomes around the World*. Bristol: Multilingual Matters, bls. 238-253.
- Tvær greinar eftir Þórhöllu Guðmundsdóttur Beck og Matthew Whelpton:
 - Samspil máls og merkingar. Um litaheiti í íslensku táknmáli. *Orð og tunga* 21 (2019), bls. 75 –100.
 - Universals and variability of color naming in Icelandic, Icelandic Sign Language, and North American Icelandic. Ida Raffaelli, Daniela Katunar og Barbara Kerovec (ritstj.), *Lexicalization patterns in color naming: A cross-linguistic perspective*. [Studies in Functional and Structural Linguistics 78] 2019, bls. 333–353.
- Tvær greinar eftir Nedelinu Ivanovu sem komu út á sænsku 2018 voru gefnar út á ensku 2019
 - On language development in children with congenital deafblindness. Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B. (ritstj.), *If you see it, you can support it. A book on tactile language*. Nordens välfärdcenter: Stockholm. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/if-you-can-see-it-you-can-support-it-a-book-on-tactile-language/>
 - Thoughts on tactile language. Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B. (ritstj.), *If you see it, you can support it. A book on tactile language*. Nordens välfärdcenter: Stockholm. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/if-you-can-see-it-you-can-support-it-a-book-on-tactile-language/>
- Einnig birtist stutt grein (abstrakt) eftir Rannveigu Sverrisdóttur í rafrænu tímariti ráðstefnunnar Endangered Languages and the Land: Mapping Landscapes of Multilingualism (FEL XXII): „Is the Icelandic Sign Language an endangered language?“ sjá <http://www.elpublishing.org/docs/4/01/FEL-2018-17.pdf>.

Á árinu undirrituðu Háskóli Íslands og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra samstarfssamning sem nær bæði til kennslu og rannsókna. Samningurinn styrkir því enn betur það góða samstarf sem ríkt hefur á milli stofnananna innan Rannsóknastofu í táknmálsfræðum.